# REGLUGERÐ

**um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.**

1. gr.

*Skipan.*

Sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila skal starfa í tengslum við Fjármálaeftirlitið.

~~Viðskiptaráðherra~~ Ráðherra skipar ~~í~~ samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila til ~~þriggja~~ fjögurra ára í senn ~~eftir tilnefningum eftirlitsskyldra aðila~~. Í nefndinni eiga sæti þrír menn tilnefndir af Samtökum ~~banka og verðbréfafyrirtækja, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sparisjóða, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra tryggingafélaga~~ fjármálafyrirtækja, einn tilnefndur af Landssamtökum lífeyrissjóða og einn ~~maður tilnefndur sameiginlega af félögum og einstaklingum~~ sem ~~stunda~~ ráðherra ~~miðlun~~ skipar ~~vátrygginga,~~ án ~~Kvótaþingi Íslands, Verðbréfaþingi Íslands og Verðbréfaskráningu Íslands.~~

~~Berist ósk um slíkt frá aðilum sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins og ekki eru taldir upp í 2. mgr. er heimilt að fjölga um allt að tvo menn í nefndinni enda sé meirihluti nefndarmanna því samþykkur~~ tilnefningar.

Nefndin velur sér formann. Nefndin skal tilkynna ~~viðskiptaráðherra~~ ráðherra og Fjármálaeftirlitinu um formann nefndarinnar og aðsetur.

2. gr.

*Hlutverk.*

Samráðsnefndin er vettvangur eftirlitsskyldra aðila til þess að geta komið á framfæri viðhorfum sínum til starfshátta og reksturs Fjármálaeftirlitsins.
Nefndin hefur ekki ákvörðunarvald í málefnum Fjármálaeftirlitsins.

3. gr.

*Fundir með Fjármálaeftirlitinu.*

~~Stjórnendur~~ Seðlabanki ~~Fjármálaeftirlitsins~~ Íslands ~~skulu~~ skal eiga reglulega fundi með samráðsnefndinni. Skal ~~Fjármálaeftirlitið~~ Seðlabankinn boða til fundar með nefndinni að minnsta kosti ~~tvisvar~~ einu sinni á ári. Á fundunum skal annars vegar fjalla um stefnu og helstu áhersluþætti í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og hins vegar um skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs skv. 4. gr.

4. gr.

*Álit á áætluðu rekstrarumfangi.*

Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar skulu standa straum af kostnaði við ~~rekstur~~ opinbert ~~Fjármálaeftirlitsins~~ eftirlit með fjármálastarfsemi í samræmi við ákvæði laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

~~Fyrir~~ Að ~~15~~ undangenginni umfjöllun í fjármálaeftirlitsnefnd skal Seðlabanki Íslands fyrir 1. ~~september~~ febrúar ár hvert ~~skal Fjármálaeftirlitið~~ gefa ~~viðskiptaráðherra~~ ráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs vegna Fjármálaeftirlitsins. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun ~~starfseminnar~~ starfsemi Fjármálaeftirlitsins undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Skýrslu ~~Fjármálaeftirlitsins~~ Seðlabankans skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs vegna Fjármálaeftirlitsins ásamt afgreiðslu ~~stjórnar stofnunarinnar~~ fjármálaeftirlitsnefndar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal ~~Fjármálaeftirlitið~~ Seðlabankinn eigi síðar en ~~15~~ 1. ~~ágúst~~ janúar ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal ~~viðskiptaráðherra~~ ráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi. Skýrsla ~~Fjármálaeftirlitsins~~ Seðlabankans ásamt áliti samráðsnefndar skulu fylgja frumvarpinu sem viðaukar.

5. gr.

*Kostnaður.*

Hvorki ráðuneytið né Fjármálaeftirlitið skulu bera kostnað af starfi samráðsnefndar.

6. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með vísan til 7. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og 9. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og öðlast hún þegar gildi.

- ~~Viðskiptaráðuneytinu, 3. júlí 2001.~~ -

- ~~Valgerður Sverrisdóttir.~~ -

- ~~Þorgeir Örlygsson.~~ -

**Fyrirvari**
Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.